

Dreifibréf 08/2005/LS

Lyfjastofnun vill vekja athygli á þeim reglugerðarákvæðum sem gilda um gerð lyfseðla og sendingum þeirra í lyfjabúð með myndsendingu.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um gerð lyfseðla og ávísun lyfja nr. 111/2001, skal lyfjaávísun rituð á staðlað eyðublað. Stærð eyðublaðsins skal vera A-5 og skulu hlutföll einstakra reita vera í samræmi við meðfylgjandi sýnishorn. Lyfseðilseyðublaðið skal auðkennt þeim upplýsingum um útgefanda, sem gert er ráð fyrir, skv. viðauka 1.

Lyfseðilseyðublöð skulu auðkennd í númeraröð í efra hægra horni og skal hjá lækni/stofnun haldin skrá yfir þær númeraraðir sem í notkun eru hverju sinni.

Lyfseðilseyðublöð skulu prentuð á pappír með sérstöku vatnsmerki (Rx).

Samkvæmt 29. gr. sömu reglugerðar er útgefanda lyfseðils heimilt að senda lyfseðil í lyfjabúð með myndsendingu. Frumrit myndsendis lyfseðils skal greinilega auðkennt og merkt orðinu "Myndsent" fyrir sendingu og er myndsendur lyfseðill ógildur að öðrum kosti. Óheimilt er að afgreiða lyf gegn frumriti myndsendis lyfseðils.

Lyfjabúðum er óheimilt að afgreiða lyfseðla sem ekki uppfylla ofangreind laga- og reglugerðarákvæði og fyrirhugar Tryggingastofnun að stöðva greiðsluþátttöku sína í slíkum lyfseðlum eftir 1. janúar 2006.

Lyfjastofnun